

## 5. gr.

99

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggji við samkvæmt lögum. Skal fara með mál út af sílkum brotum sem almenn lögreglumál.

26. sept.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

100

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

26. sept.

Samkvæmt reglum útgefnum í dag, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

101

um viðurkenningu á flokkunarfélögum skipa.

7. sept.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 93, 1935, um eftirlit með skipum og samkvæmt 2. gr. Kaupmannahafnar-samþykktarinnar frá 28. janúar 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, eru sett eftirfarandi ákvæði.

## 1. gr.

Flokkunarfélögnum:

British Corporation for the Survey and Registry of Shipping,

Bureau Veritas,

Det Norske Veritas,

Germanischer Lloyd,

Lloyd's Register of Shipping og

Registro Italiano Navale ed Aeronautico

er falið innan þeirra takmarka, og með þeim skilyrðum, er auglýsing þessi setur, að gera iðnfræðilegar athuganir og mælingar, er með þurfa, svo unnt